Val í unglingadeild
Lota 1 2022 - 2023
13. sept. - 25. okt.

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla. Valið fer fram á þriðjudögum **kl. 13:20 til 14:20** og skiptist í fjórar lotur yfir veturinn. Í hverri lotu velur nemandi sér eitt námskeið og tvö til vara.

Þeir sem velja knapamerkinu eru þar áfram í næstu lotu. Nemendur velja rafrænt og fá sendan póst með slóð til að fara inná.

Við reynum að koma sem flestum í fyrsta val en stundum tekst það ekki og því er mikilvægt að raða í annað og þriðja val líka.

Til að boðið verði upp á valgrein þarf tiltekinn lágmarksfjöldi nemenda að velja viðkomandi grein. Hafa ber í huga að vegna skipulagningar getur nemandi ekki breytt vali eftir að kennsla hefst.

Það sem er í boði í þessari lotu er útileikir, reimleikar, fótboltaval, spilaval, myndasaga/ teiknimyndasaga, hreystival og knapamerkið auk möguleika utan skóla.

Mætingarskylda er í valgreinar jafnt og í öðrum greinum.

Námsmat: Vinnuframlag og ástundun.

Gefið er lokið /ólokið

Iðn

Iðn er samstarfsverkefni Grunnskólans í Borgarnesi og fyrirtækja í bænum. Þar sem nemendum gefst tækifæri til að kynnast ýmsum iðngreinum á aðeins dýpri hátt en í hefðbundinni starfskynningu.

Nemendur fara á vinnustaðina í sjö til átta vikur í senn og fá að taka þátt í starfinu þar.

Til þess að nemendur fái að kynnst iðngreininni á sem viðamestan hátt gæti viðveran á vinnustaðnum verið óháð valtímum í stundatöflu.

Staðsetning: utan skóla í ýmsum fyrirtækjum.

Umsjónarmaður verkefnis: Inga Margrét Skúladóttir

Hársnyrtiiðn

Fyrirtæki: Hárcenter

Nemendur fara í fyrirtæki og kynnast störfum hárgreiðslufólks, þeir fá að prófa að þvo, þurrka og kannski eitthvað fleira.

Mæting á þriðjudögum milli 13:20 og 15:20

Kennarar: Auður Ásta og Lóa

Þjónn og kokkur

Fyrirtæki: Landnámssetrið og N1

Tvö mismunandi fyrirtæki sem bjóða uppá störf fyrir þjóna og kokka. Nemendur fara í fyrirtæki og fá að kynnast því í hvernig þessi störf eru.

Þetta starf er mjög óútreiknanlegt en jafnframt skemmtilegt, þar sem skiptast á rólegir tímar og svo einnig gríðarleg keyrsla allt á sömu vaktinni.

Starf kokkanna er einnig spennandi þar þarf að undirbúa hádegistarnir sem og kvöldtarnir. Það þarf að skera niður og gera tilbúið það sem er á matseðli.

Mæting samkvæmt samkomulagi.

Umsjón með nemum Sigríður Guðmundsdóttir

Bakaraiðn

Fyrirtæki: Geirabakarí

Nemendur fara í fyrirtæki og fá að taka þátt og kynnast bakaraiðninni með bökurunum á staðnum.

Til að fá sem víðtækasta innsýn í starfið þarf að mæta snemma á laugardegi eða snemma á virkum degi því bakarar baka frá kl. 4 á nóttunni til ca. 8.

Nemendur mæta þá að morgni kl. ca. 6 á virkum degi eða um helgar.

Kennari: Sigurþór Kristjánsson

Bifvélavirki

Fyrirtæki: Bílabær

Nemendur fara í fyrirtækið og kynnast almennum viðgerðum á bílum.

Nemendur mæta á þriðjudögum milli 13:20 og 15:20 eða eftir samkomulagi.

Kennari: Hálfdán Þórisson

Píparaiðn

Fyrirtæki: HP pípulagnir

Nemendur fara í fyrirtæki og kynnast verkfærum og tækjum. Fá svo að fara á vettvang og prófa verkefni sem eru t.d. leggja fyrir nýjum húsum, laga vatnslagnir, skolprör og ýmislegt fleira

Nemendur mæta á þriðjudögum milli 13:20 og 15:20 eða eftir samkomulag

Kennari: HIlmir Auðunsson

Blikksmíði

Fyrirtæki: Límtré/Vírnet

Nemendur fara í fyrirtæki og taka þátt í vinnu í blikksmíði, fá að prófa og gera hluti. Unnið er með fína málma eins og ál, stál og kopar.

Blikksmiðir gera mikið af klæðningum í kringum glugga, utanum hestakerrur og margt fleira.

Mæting er á þriðjudögum milli 13:20 og 15:20

Umsjón með nemum: Jakob Guðmundsson

Málmsmíði

Fyrirtæki: Límtré/Vírnet

Nemendur fara í fyrirtæki og fá að taka þátt í vinnu í málmsmíði, fá að prófa og gera hluti. Unnið er með grófari(þykkari) málma.

Málmsmiðir smíða handrið og margt fleira.

Mæting er á þriðjudögum milli 13:20 og 15:20

Umsjón með nemum: Jakob Guðmundsson í Límtré Vírnes og Reynir Magnússon Steypustöðinni

Trésmíði

Fyrirtæki: Steypustöðin

Öll almenn smíðavinna.

Nemendur mæta á þriðjudögum milli 13:20 og 15:20 eða eftir samkomulagi

Umsjón með nemum Reynir Magnússon

Útileikir

Staðsetning: Skólastofa, skólalóð og nærumhverfi

Kennari: Kolbrún Þórhildur Gunnarsdóttir

Oft er gott veður á haustin

og þá er gott að komast út að leika sér og því bjóðum við uppá útileiki

Förum í ýmsa skemmtilega útleiki nýja og gamla.....

og lærum að meta nærumhverfið ..

og þá möguleika sem það gefur til hreyfingar.

Til eru margir útileikir á borð við klukk, ratleiki, hlaupa í skarðið og marga fleiri sem auðvelt er að fara í og gaman að leika

1 - ein króna, fallin spýta, hollí hú o.fl

Ef veður leyfir ekki útivist verðum við inni ...

en annars nýtum við okkur nærumhverfið og skólalóðina til leikja.

Munið bara að klæða ykkur eftir veðri þegar farið er út .

Reimleikar

Staðsetning: Kennslustofa

Kennari: Sigríður Arnardóttir

Hlustum á hin ýmsu hlaðvörp þar sem reimleikar og draugagangur eru í aðalhlutverkum.

Á meðan geta nemendur gripið í hina ýmsu handavinnu eða annað sem þeim þykir róandi.

Þó að mælt sem með að nota tækifærið til að æfa sig í að reima skó

eða binda bindishnút.

Markmið

Að nemandi geti:

- hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.
- nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.
- átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.

Metið er út frá þátttöku í umræðum og framtakssemi.

Fótboltaval

Staðsetning: Íþróttahús

Kennari: Haraldur Már Stefánsson

Nú spilum við fótbolta.

Skiptum í lið og búum til deild (GB deildin).

Nemendur eru í sama liðinu alla lotuna

og verða spilaðar tvær umferðir í hverjum tíma.

Að jafnaði spilar hvert lið fjóra leiki í hverjum tíma.

Nemendur gefa liðinu nafn og velja sér fyrirliða.

Fyrirliði sér um að stilla liðinu upp og ákveða taktík. Fyrirliði sér einnig um að ganga frá vestum hjá sínu liði að tíma loknum.

Hver leikur er 1x 5 mínútur, þrjú stig eru fyrir sigur og eitt fyrir jafntefli.

Þeir sem eru í sigurliðinu verða krýndir GB meistarar og fá mynd af sér á góðan vegg í skólanum.

Tímarnir fara að alla jafna fram í íþróttahúsinu en úti á grasvelli þegar veður er gott.

Spilaval

Staðsetning: Kennslustofa

Kennari: Dagmar Mýrdal Harðardóttir

Spilum ýmis spil hvort heldur er borðspil eða á venjuleg spil.

Markmiðið er að kenna nemendum að spila ýmis spil ný og gömul.

Mörg skemmtileg spil til í dag.

Spil reyna t.d. á rökhugsun og minni svo eitthvað sé nefnt.



Einnig eflum við með því einbeitingu



Getum líka styrkt okkur í stærðfræði í mörgum af þessum spilum.

Myndasaga/teiknimyndasaga

Staðsetning: Kennslustofa

Kennari: Sóley Sigurgeirsdóttir

Vilt þú vera þín eigin ofurhetja?



Nú eða næsti myndarsöguhöfundur Marvels?

Í þessu vali ætlum við að læra aðeins um myndasögur og myndasögugerð.

Svo að sjálfssögðu gerið þið ykkar eigin sögu.

Í myndasögum er texti ekki endilega ráðandi.



Til að bæði börn og fullorðnir skynji allar upplýsingar, eru notaðar myndir með innskotum sem sýna hljóð og hlátur ....

til dæmis BOOOM, HUH?, POW og HA,HA,HA.

Nú er komið að þér að skapa þína eigin sögupersónu og sögu.

Hreystival

Staðsetning: Íþróttahús - þreksalur

Kennari: Hanna Sigríður Kjartansdóttir

Hreystival verður bæði bóklegt og verklegt.

Við ætlum að fara yfir hvernig við getum stundað heilbrigðan lífstíl.

Skoðum m.a. mataræði,

svefn og mismunandi hreyfingu.



Farið verður yfir styrktaræfingar, líkamsbeitingu, æfingarplön og fleira ásamt þjálfun í snerpu, þoli og krafti.

Við búum okkur til prógram í þreksalinn og vinnum svo eftir því.

Einnig förum við í stöðvavinnu í litla salnum.

Markmiðið er að nemendur:

- auki styrk sinn og þol.
- læri að setja sér markmið og --skipuleggja eigin þjálfun
- styrki sjálfsmynd sína með jákvæðri upplifun af íþróttaiðkun

Knapamerkið

Staðsetning: Kennslustofa

Kennari: Þórdís Fjeldsted

Knapamerki 1, 2, 3 og 4 verður kennt í vetur ef næg þáttaka er.

Kennslan er bókleg í fyrstu en síðan verkleg.

Verklegu tímarnir verða kenndir seinni part dags, kl. 17 eða 18 og eru 45 mínútur hver.

Nemendur geta lokið bóklegum hluta og tekið verklega hlutann seinna.

Verklega kennslan er í samvinnu við Hestamannafélagið .

Markmið og námskröfur eru samkvæmt knapamerkjakerfinu, sjá http://knapamerki.is/

Ath. að foreldrar taka þátt í kostnaði vegna verklegu kennslunnar.

Sá sem velur knapamerkið velur þá fyrir allan veturinn.

Nemendur þurfa að hafa aðgang að hesti.

Verklegu tímarnir fara fram á svæði hestamannafélagsins.

Námsbækur eru til í skólanum.

Hvert knapamerki gefur eina einingu í framhaldsskóla.

Nemendafélag - afreksíþróttir - tónlistarskóli - björgunarsveitin og MB

Þeir nemendur sem eru í stjórn Nemendafélagsins taka það sem valáfanga og mæta þá ekki á önnur námskeið í vali. Þeir sinna þá félagsstörfum á þeim tíma sem valið fer fram.

Þeir sem stunda afreksíþróttir eru í ungmennastarfi björgunarsveitarinnar, tónlistarskóla eða stunda nám í MB geta einnig sótt um að taka það sem valáfanga sem samsvarar 1,5 kest. á viku.

Skila þarf inn undirskrifuðu plaggi frá viðkomandi þjálfara/kennara og foreldri/forráðamanni um þátttöku nemanda til að fá það samþykkt sem valáfanga.

Og **þá** er bara **að** velja.